

Náttúruverndarstofnun

Veitur ohf
Bæjarháls 1
110 Reykjavík

Garðabær, 17. mars 2025
202502-0100/P.V.B.
10.03.01

Efni: Leyfi til framkvæmda við brú yfir Suðurá innan Rauðhóla

Náttúruverndarstofnun hefur móttengið umsókn Veitna ohf, dagsett, 18. febrúar 2025, um leyfi til framkvæmda innan Rauðhóla.

Rauðhólar eru friðlýstir sem fólkvangur sbr. [auglýsing nr. 185/1974](#). Óheimilt er að gera á svæðinu mannvirki né gera jarðrask, nema leyfi Náttúruverndarstofnunar komi til.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til framkvæmda vegna viðhalds á akstursbrú yfir Suðurá að Gvendarbrunnahúsi Veitna. Ef aðstæður leyfa verða vegaxlir að brúnni breikkaðar. Samhliða breikkun vegaxla verða vegfláar flattir út að brúnni um 1-2 metra beggja vegna. Reiknað er með að þessi breikkun upp á 1-2 metra teygi sig um 10-15 metra aftur fyrir brúna beggja vegna. Með breikkun vegaxlana yrði hægt að setja niður vegrið sem bætir umferðaröryggi og minnkar líkur á að vélknúin ökutæki endi í ánni ef þau keyra út af veginum. Með umsókn fylgdi kort sem sýnir framkvæmdasvæði, hversu langt fláar ná út fyrir veg, aðstöðu fyrir verktaka, lýsing á framkvæmd, áhrifamat vegna vatnshlots og mótvægisáðgerðir vegna framkvæmdarinnar. Ekki er talin þörf á að fara útfyrir vegi vegna framkvæmdarinnar. Akstursleið yfir brúna verður lokað á meðan á viðhaldsaðgerðum stendur en aðrar leiðir yrðu færar inn á svæðið á meðan. Að verkinu kæmu 10 starfsmenn. Áætlaður verktími yrði frá miðjum maí 2025 fram í miðjan ágúst 2025.

Áhrifamat:

Náttúruverndarstofnun metur verkefni líklegt til að hafa áhrif á ásýnd svæðisins þar sem vegur verður breikkaður. Stofnunnin metur að sé vandað við frágang á svæðinu og farið að skilyrðum leyfisins sé hægt að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar. Gestir svæðisins gætu orðið fyrir truflunum á framkvæmdar tíma en um er að ræða svæði sem fáir fara um.

Skilyrði:

Náttúruverndarstofnun veitir Veitum ohf fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdinni innan fólkvangsins Rauðhóla sbr. lýsingu hér að ofan og gildir leyfið frá 1. maí til 31. ágúst 2025 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Náttúruverndarstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.

Náttúruverndarstofnun

- Koma skal fyrir merkingum á framkvæmdarstað þar sem tilgreindur er framkvæmdartími og bent á hjáleiðir ef við á.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask utan framkvæmdarsvæðis og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Losun ferðasalerna skal fara fram á viðurkenndum losunarstað .
- Einungis skal aka vinnutækjum að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Leyfi Fiskistofu þarf vegna verkefna er snerta veiðiár og vötn.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Náttúruverndarstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Náttúruverndarstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir, kvikmyndagerðar og/eða myndatöku er kr. **83.200**. sbr. 29. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 1410/2023.

Eftirlit:

Náttúruverndarstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Náttúruverndarstofnun.

Hákon Ásgeirsson
sviðsstjóri

René Biasone
sérfræðingur